



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. **3** starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjud. 22. nóv. 2011. Fundarstaður: Fundarsalur AFLs á Egilsstöðum. Hófst kl. 11:00.

Fundinn sátu: Sigrún Blöndal (varam. Stefáns Boga Sveinssonar, sem boðaði forföll, en hún mætti um kl. 11:40), Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson (var í símasambandi), Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA og ritaði hann fundargerð.

Valdimar stýrði fundi. Af sérstökum ástæðum voru liðir 1 e) og 1 d) teknir fyrir fyrst.

1. Fundargerðir SSA og vegna ýmissa verkefna er tengjast starfi SSA:

- a) Stjórnarfundur 18. okt. 2011. Fundargerðin staðfest.
- b) Framkvæmdaráðsfundur 30. okt. 2011. Fundargerðin staðfest.
- c) AST. Fulltrúar SSA í vinnuhópi og framkvæmdanefnd AST gerðu grein fyrir starfinu undanfarnar vikur. Fyrir liggur að upplýsingar um framgang verkefnisins verður að finna heimasíðunni www.austur.is (undir sérstökum flipa þar). Fram kom að gengið hefur verið frá samningi við verkefnisstjóra, Stefaníu G. Kristinsdóttur. Þar sem SSA mun kosta starfið gerði frkvstj. grein fyrir ýmsum atriðum samningsins, sem framkvæmdaráð SSA gekk frá í umboði stjórnar. Verkið verður fjármagnað skv. heimildum í fjárhagsáætlunum SSA fyrir þetta og næsta ár, auk þess sem gert er ráð fyrir að viðbótarfjármagn m.a. til sérverkefna LHSS (landshlutasamtaka sveitarfélaga) nýtist í þessu skyni, einkum til að standa straum af ferða- og upphaldskostnaði við kynningu og úrvinnslu ákv. þátta verkefnisins. Auk þess eru aðrar fjármögnunarleiðir til skoðunar. Stjórnin staðfesti samhljóða samninginn við verkefnisstjóra. Drög að kostnaðaráætlun vegna verkefnisins í heild lá einnig fyrir fundinum og lítur stjórn SSA svo á að framkvæmdaráð SSA hafi heimild til að vinna að ákvarðanatöku um ýmis fjárútlát, enda verði þau borin undir stjórn að svo miklu leyti sem heimildir kunna ekki að verða til staðar.

d) Almenningsamgöngur á Austurlandi.

Undir þessum lið var tekið fyrir erindi Fjarðabyggðar, undirritað af Jóhanni Eðvald Benediktssyni, mannvirkjastjóra sveitarfélagsins, sem frestað var á seinasta fundi stjórnarinnar. Hann og Árni Steinar Jóhannsson, umhverfisstjóri og form. sérstakrar nefndar sveitarfélagsins um verkefnið „Almenningsamgöngur í Fjarðabyggð“ mættu á fundinn um kl. 11:30 og gerðu grein fyrir erindinu. M.a. afhentu þeir og fylgdu úr hlaði sérstöku minnisblaði vegna málsins, dags. 22. nóv. 2011.

Fram kom að ekki liggur enn fyrir, hvort öll LHSS eru reiðubúin að taka við verkefninu m/v 1. jan. 2102 eins og gert er ráð fyrir. Á vettvangi SSA hafði komið upp sú hugmynd að óska eftir því við Vegagerðina að yfirtökunni yrði frestað um 6 – 12 mánuði, meðan unnið yrði að endanlegri lausn. Minnt var á aðkomu sérfræðings, Smára Ólafssonar hjá VSÓ, sem Vegagerðin hefur lagt til og að margt áhugavert lægi fyrir í hans samantektum. Þó hafa þau sjónarmið komið fram að of mikið sé horft á tengingar milli landshluta og jafnvel talið eðlilegt að slík mál yrðu áfram á borðum ríkisins. Brýnt væri að horfa til þeirra markmiða, sem m.a. hefðu verið kynnt á samgönguþingi s.l. vor um að horfa til atvinnusvæða og möguleika íbúa að eiga aðgang að tryggu almenningsamgöngum í þeim efnunum. Fulltrúar FJB ítrekuðu

markmið, sem sett hefðu verið í aðdraganda þess að sérstakt verkefni með alþjóðlegum fjárstyrk hefði farið í gang í byggðarlaginu. Vinna við það frá upphafi hefði miðað að því að ...

- ✓ ... innleiða skipulagar samgöngur innan Fjarðabyggðar, þannig þær verði raunhæfur kostur fyrir íbúa til að sækja atvinnu og þjónustu.
- ✓ ... skipulagðar samgöngur verði raunhæfur kostur fyrir framhaldsskólanema og einu gildi hvort verið sé að ræða um Menntaskólann á Egilsstöðum eða Verkmenntaskólann á Norðfirði.
- ✓ ... skipulagðar samgöngur verði raunhæfur kostur fyrir íþrótt- og tómstundastarf í Fjarðabyggð, þ.e. auki samgang barna og unglunga á milli staða.
- ✓ ... Mið-Austurland verði eitt atvinnusvæði, þ.e. góðar samgöngur frá Reyðarfirði út í álverið og þaðan í allar áttir.
- ✓ ... innleiða tengingar við aðliggjandi sveitarfélög, þ.e. Egilsstaði og Breiðdalsvík.
- ✓ ... standa að uppsetningu á biðskýlum fyrir notendur.

Verkefnið hefði verið unnið í samvinnu með Vegagerðinni, Austfjarðarleið, Tanni-Travel og Alcoa Fjarðaál, sem er langstærsti kaupandi akstursþjónustu á svæðinu. Mikilvægt sé að menn geri sér grein fyrir að verkefnið sé komið á það stig að stíga verði næstu skref í takt við tillögurnar eftirtalin atriði:

- I) Allur skipulagður akstur innan Fjarðabyggðar falli undir sömu skilgreiningar.
- II) Núverandi leiðarkerfi Fjarðabyggðar verði opnað fyrir almenningi.
- III) Núverandi akstur sérleyfis nr. 37 og 38 verði opnaður fyrir almenningi samkvæmt samræmdri gjaldskrá.
- IV) Núverandi akstur Alcoa verði opnaður fyrir almenningi, nema morgunferðir þar sem mat Alcoa er að þær séu full nýttar.
- V) Fjarðabyggð taki að sér umsýslu og innheimtu vegna sölu korta fyrir skipulagðar samgöngur, sölu til verktaka, almennings og námsmanna.
- VI) Fjarðabyggð sjái um kynningarmál í samvinnu við Þróunarfélag Austurlands og um upplýsingargjöf til notanda, samhæfingu og skipulagningu ferða, með heimasíðu og skiptiborði.
- VII) Hafinn verði undirbúningur á uppsetningu á biðskýlum, í samvinnu Fjarðabyggðar og Alcoa, allt að 10 skýli.

Ítarleg yfirferð varð um málið. M.a. kom fram að hafa yrði það sem yfirmarkmið að þjónusta á svæðinu í heild yrði bætt og umsýsla væri á einni hendi. Hins vegar væri „næsta víst“ að það tækist ekki m/v 1. jan. 2012 og að í samræmi við fyrri óskir SSA um frestun af hálfu Vegagerðarinnar og óbreytt ástand í ákveðinn tíma væri ástæða til að skoða erindið af velvilja, enda yrði tryggt að hið óbreytta fyrirkomulag tryggði a.m.k. sömu þjónustu og nú væri til staðar. Til greina var talið koma að SSA semdi við sveitarfélög með „heimilisfesti“ núverandi sérleyfa um að þau tryggðu sambærilega þjónustu út árið 2012 og verið hefði sinnt með sérleyfum, tækju við greiðslum þeim sem kæmu til SSA á grundvelli samnings við Vegagerðina, sem gerður yrði þar um og greiddu verktökum. Frágangur samninga við verktaka væri á höndum hlutaðeigandi sveitarfélaga í samráði við SSA. Gestir fundarins undir þessum lið viku af fundinum um kl. 12:15. Í framhaldi af því var ákveðið að fela frkvstj. „að taka hring á stöðunni“ (hlutaðeigandi LHSS, Vegagerðin og eftir atvikum ráðuneyti samgöngumála). Einnig að fela honum að leita formlega eftir því við sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fjarðabyggðar og Djúpavogshrepps að viðkomandi sveitarfélög samþykki að verða tímabundið (allt árið 2012) milliliðir milli Vegagerðarinnar og SSA annars vegar og sérleyfishafa hins vegar og önnuðust þar með samskipti við þá og tryggðu óbreytta þjónustu í umræddan tíma. Kveðið verði skýrt á um það í slíkum samningum að SSA / sveitarfélögin ábyrgist greiðslur en að sama skapi fylgi sú kvöð að þjónustan verði a.m.k. eins góð og nú er.

e) Menningarsamningar.

Fjallað var um skiptingu viðbótarfjármagns til menningarverkefna samhl. breyttum vinnureglum við úthl., sbr. uppl. frá fjárlaganefnd og fagráðuneytum þar um.

Talsmenn Menningarráðs Austurlands; Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi (í símasambandi) og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs og form. ráðsins mættu inn á fundinn um kl. 11:05.

VOH, BHG og gestir fundarins reifuðu stöðu málsins. M.a. var farið yfir nýlega útreikninga, sem unnir hafa verið af nokkrum frkvstj. LHSS með vitund og samþykki form. og frkvstj. SSA, en þó án skuldbindinga um að fallizt yrði á hugsanlegar niðurstöður. Austfirðingar hafa m.a. gert athugasemdir við að byggja ætti á sömu breytum og hafa verið til hliðsjónar vegna svonefndra Vaxtarsamninga og telja að um verulega óskyld mál sé að ræða. Minnt var á, að með hugsanlegum niðurskurði til einstakra svæða væri verið að klippa á eða skerða stofn- og rekstrarstyrki til ákveðinna verkefna, sem þegar væru komin á laggirnar. Ekki verði séð að það hafi verið vilji fjárveitingavalds og eftir atvikum fagráðuneyta, þegar tilkynnt voru áform um boðaðar breytingar. Nái vilji forsvarsmanna nokkurra landshlutasamtaka fram að ganga myndu þær hafa það í för með sér að í stað eyrnamerktra fjárveitinga í gegnum fjárlaganefnd Alþingis til skilgreindra verkefna verði komið á styrkjakerfi, sem byggir ekki á þeim sjónarmiðum, er höfð voru að leiðarljósi í upphafi menningarsamninga, sem sveitarfélög á starfssvæði SSA höfðu frumkvæði um að koma á. Tryggja þurfi að slík verkefni verði ekki í uppnámi.

Fram kom í umfjöllun stjórnarinnar að í útreikningum, sem kynntir voru á sameiginlegum fundi fulltrúa menningarmálaráðuneytis, landshlutasamtaka sveitarfélaga og menningarráða utan höfuðborgarsvæðisins 8. nóv. s.l. að ráðuneytið hafi enn sama skilning á hlutverki sínu og þeim gildum, sem horft var til í upphafi. Hann lýtur m.a. að því að hafa beri í huga mismunandi aðstæður íbúa landsbyggðarinnar að sækja menningarviðburði innan fjórðunga að ekki sé talað um óheyrilegan kostnað vegna ferðalaga til að njóta menningar, sem m.a. er styrkt af almannafé, en er að jafnaði eingöngu í boði á tiltölulega afmörkuðu svæði.

Eftir yfirferð um fundarefnið viku gestir undir þessum lið af fundinum um kl. 11:30. Í framhaldi af því var samþ. samhljóða að fela frkvstj. SSA að tilkynna öðrum landshlutsamtökum og hlutaðeigandi starfsmönnum menningarráðuneytisins að SSA geti ekki orðið aðili að hugsanlegu samkomulagi þeirra fyrrnefndu um „nýja“ reiknireglu. Þess í stað leggi SSA áherzlu á að ráðuneytið taki ákvörðun um ráðstöfun umrædds fjármagns, er byggir á hugmyndum, er fulltrúar þess kynntu m.a. á framangr. fundi 8. nóv. s.l. (valkostir A, B og C).

f) Héraðsskjalasafn Austurlands. Fundarg. stjórnar 26. okt. 2011 lögð fram til kynns.

2. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):

a) Stjórn Eyþings; 225. fundur. Lögð fram til kynningar.

b) SSS; Stjórnarf. 13. okt. 2011 og þrjár ályktanir aðalf. SSS 7. & 8. okt. 2011. Þær fjalla um atvinnumál á Suðurnesjum, Fisktækniskóla Íslands og heilbrigðismál. Fundargerðin og tilvitnaðar ályktanir lagðar fram til kynningar.

c) SASS. Fundargerðir stjórnar nr. 447., 448. og 449. fundur. Lagðar fram til kynns.

d) SSNV; Stjórnarfundur 4. okt. 2011. Lögð fram til kynningar.

e) FV; Fundargerð stjórnar 19. okt. 2011. Lögð fram til kynningar.

f) SSH; Nýjar samþykktir fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lagðar fram til kynningar.

g) Samráðsfundur form. og frkvstj. LHSS 12. okt. 2011. Fundargerðinni fylgt úr hlaði af form. og frkvstj. SSA.

h) Samráðfundur form. og frkvstj. Eyþings og SSA 15. nóv. 2011. VOH og BHG gerðu grein fyrir efni fundargerðarinnar.

3. Frá Samb. ísl. sveitarfélaga:

- a) Stjórnarfundur nr. 790. Fundarg. lögð fram til kynningar. Hið sama gildi um fundargerðir undir liðum 3 b) og c).
- b) Samráðsfundur stjórnar Samb. ísl. sveitarfél. og forsvarsm. LHSS 14. okt. 2011.
- c) Fundargerð samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga 5. okt. 2011.

4. Erindi og bréf:

- a) Ályktun stjórnarf. Landssambands heilbrigðisstofnana frá 18. nóv. 2011. Lögð fram til kynningar.
- b) Ósk sveitarstjóra Dpv.hr. um umfj. í stjórn SSA v/ boðaðs niðurskurðar hjá HSA (Heilbrigðisstofnun Austurlands). Gauti gerði grein fyrir málinu. Kom fram hjá honum að hann teldi ámælisvert að ekki skyldi hafa verið tilkynnt um ákveðnar breytingar á þjónustu á vegum HSA í Djúpavogslæknishéraði, nú nýlega í samráði við hlutadeigandi sveitarstjórn(ir). Hann kvaðst hafa frétt um málið nánast á skotspónum. Viðræður hefðu átt sér stað milli aðila eftir að þetta gerðist og hefði borðið verið hreinsað hvað þetta varðaði. Stjórn SSA vonar að menn hafi dregið ákveðinn lærdóm af þessu máli og að eftirleidis verði þess gætt að tryggja gott upplýsingaflæði milli aðila.
- c) Bæjarstjórn Seyðisfjarðar. 9. nóv. 2011 v/ „landsskipulagsstefnu 2010 – 2014“. Í erindinu er varpað fram þeirri hugmynd að stjórn SSA skipi fulltrúa á þann samstarfsvettvang er um ræðir.
Undir þessum lið lá ennfremur fyrir bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. okt. 2011 v/ „landsskipulagsstefnu“ og er þar SSA gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í verkefnið. Vegna óvissu um kostnað tilnefningaraðila vegna verkefnisins telur stjórn SSA ekki tók á því að tilnefna fulltrúa að svo komnu máli og treystir á fulltingi Samb. ísl. sveitarfélaga í þessu sambandi. Frkvstj. falið að koma upplýsingum þar um til forsvarsmanna heildarsamtaka sveitarfélaga í landinu og jafnframt að kanna á hvern önnur LHSS hefðu afgreitt málið.
- d) Umhverfisráðuneytið 3.nóv. 2011; Ósk um umsögn v/ draga að skipulagsreglugerð. Ákveðið að veita ekki umsögn og vísa þess í stað til (væntanlegrar) umsagnar frá Samb. ísl. sveitarfélaga.
- e) Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 27. okt. 2011 v/ framtíðar AsAust.
- f) Bréf bæjarstjóra Fjarðabyggðar 16. nóv. 2011 v/ málefna AsAust. Þar er tilkynnt um ástæður þess að bæjaryfirvöld í FJB. eiga erfitt með að samþ. óbreytt framlag til sjóðsins á tímum samdráttar m.a. í þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Í bréfinu er farið fram á að gerð verði úttekt svo fljótt sem unnt er á framlögum sjóðsins undanfarin 3 ár þ.e. fjárhæðum, í hvernig verkefni og metinn árangur af styrkveitinum sjóðsins. Einnig beiti stjórn SSA sér fyrir því að fram fari umræða um, hvort leggja eigi sjóðinn niður eða lækka verulega framlög til hans árið 2012.
Liðir 4 e) og f) voru ræddir samhliða. Við umfjöllun kom m.a. fram að í raun væri það ekki í verkahring stjórnar SSA að höndla með málið, en í ljósi þess að umfjöllun um það hefði átt að fara fram á nýlega afstöðnum aðalfundi, sbr. bókun fyrrv. stjórnar þar um væri ekki óeðlilegt að bregðast við erindinu. Fram kom hjá frkvstj. SSA að hann hefði nú þegar fengið samþ. frkvstj. ÞFA (Þróunarfélags Austurlands) fyrir því að stofnunin ynni framangreinda úttekt. Til greina kæmi þó að hafa hana ítarlegri og horfa t.d. til úthlutana á vegum AsAust frá upphafi vega og einnig að kannað yrði hve mörg fyrirtæki, sem hefðu verið styrkþegar í gegnum tíðina væru enn starfandi og þá hvort og hversu vel ávöxtun fjármagns úr sjóðnum væri tryggt (þar sem það ætti við). Hvað varðaði umræðu um framtíð sjóðsins væri eðlilegt að líta til þess að kjósa ætti nýja samstarfsnefnd síðar á fundinum og slík umræða ætti mjög augljóslega heima á borði hennar, alla vega þegar niðurstöður umræddrar könnunar lægju fyrir. Að öðru leyti var talið og undirstrikað af hluta fundarmanna að um starfsemi sjóðsins yrðu að gilda reglur hans hverju sinni, hverjar menn hefðu undirgengizt með aðild sinni. Þess vegna yrði endanleg ákvarðanatáka um framtíð Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands að fara fram á löglega boðuðum (auka-) aðalfundi hans. **Samþ. að verða við erindinu.**

- g) Kynnt ábendingar nokkurra sveitarstjórna um að SSA taki að sér skipan fulltrúa í „Vatnasvæðanefnd“. sbr. erindi þar um til einstakra sveitarfélaga. VOH gerði grein fyrir umfjöllun innan heilbrigðiseftirlitssvæða vegna sambærilegs erindis, þar sem fyrir lægi að hver aðili bæri kostnað af sínum fulltrúa. Einnig að endanlega hefði verið ákveðið HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands) tilnefndi fulltrúa í nefndina. Frkvstj. falið að óska eftir því við stjórn Samb. ísl. sveitarfélaga að hún beiti sér fyrir því enn og aftur að séð verði til þess að samhliða þeirri áráttu opinberra aðila að ýta að sveitarfélögum og stofnunum þeirra kostnaðarsömum verkefnum yrði sömu aðilum tryggt fjármagn til að takast á við þau.
- h) Snorraverkefnið 7. nóv. 2011. Lagt fram til kynningar.

5. Kosningar / tilnefningar:

- a) Samgöngunefnd SSA 2011 – 2012 á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna.
b) Samstarfsnefnd SSA 2011 – 2012 á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna.

	<u>SAMGÖNGUNEFND</u> (Varamaður í sviga)	<u>SAMSTARFSNEFND</u> (Varamaður í sviga)
Borgarfjarðarhr.:	Jakob Sigurðsson (Jón Þórðarson)	Jón Þórðarson (Jakob Sigurðsson)
Breiðdalshreppur:	Gunnlaugur Ingólfsson (Jónas Bjarki Björnsson)	Páll Baldursson (Unnur Björgvinsdóttir)
Djúpavogshreppur:	Andrés Skúlason (Gauti Jóhannesson)	Albert Jensson (Sóley Birgisdóttir)
Fjarðabyggð:	Páll Björgvin Guðmundsson (Jón Björn Hákonarson)	Jens Garðar Helgason (Valdimar O. Hermannsson)
Fljótsdalshérað:	Gunnar Jónsson (Páll Sigvaldason)	Gunnhildur Ingvarsdóttir (Sigrún Blöndal)
Fljótsdalshreppur:	Jóhann Þórhallsson (Gunnþórunn Ingólfisdóttir)	Gunnþórunn Ingólfisdóttir (Jóhann Þórhallsson).
Seyðisfj.kaupst.:	Daníel Björnsson (Guðrún Katrín Árnadóttir)	Vilhjálmur Jónsson (Margrét Guðjónsdóttir)
Vopnafjarðarhr.:	Þorsteinn Steinsson (Bárður Jónasson)	Bárður Jónasson (Björn Hreinsson)

Tilnefningarnar bornar upp í einu lagi og þær staðfestar einróma. Frkvstj. falið að kalla nefndirnar saman fyrir áramót.

6. Samantekt frkvstj. SSA um gr. fyrir stjórnarsetu o.fl. hjá LHSS.

Frkvstj. SSA rifjaði upp bókun frá fjárhagsnefnd á aðalfundi SSA haustið 2011, hvar segir:

Laun stjórnar og nefnda SSA:

Laun stjórnarmanna SSA taka mið af þingfararkaupi með eftirfarandi hætti:

Stjórnarmaður fær 3 % af þingfararkaupi á fund sem er kr. 16.364,-

Formaður fær 6 % af þingfararkaupi á mánuði sem er kr. 32.729,-

Fulltrúar í öðrum starfshópum fá 1,5 % af þingfararkaupi á fund sem er kr.8.182,-

Fjárhagsnefnd telur þörf á að taka til skoðunar á árinu 2012 launakjör stjórnarmanna og fulltrúa í starfsnefndum, einnig útlagðan kostnað sem tengist starfi þeirra.

Aðalfundurinn gerði ekki aths. við ofangreint álit fjárhagsnefndar. Í framhaldi af þessu kannaði frkvstj. SSA fyrirkomulag þessara hluta hjá öðrum LHSS og lagði hann fram samantekt þar um á fundinum. Þar kemur fram að greiðslur eru mjög sambærilegar og hjá SSA, en að í tilfellum sé greiddur upphaldskostnaður vegna ferðalaga að og frá fundum, umfram það sem t.d. er gert hjá SSA.

Frkvstj. minnti á að hann hefði við umfjöllun málsins á síðasta aðalfundi lýst þeirri skoðun sinni að tímabært væri að hækka launagreiðslur fyrir stjórnarstörf o.fl. og að hann teldi, að fyrst enginn annar riði á vaðið í þessum efnum, yrði stjórn SSA að gera það, enda hefði hún að veganesti tilvitnaðan vilja fjárhagsnefndar, sem aðalfundurinn sem slíkur hefði lagt blessun sína yfir. Hófleg hækkun væri því eðlileg.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar, enda liggja þá fyrir formleg tillaga, byggð á kostnaðarmati.

7. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra:

- a) Fundir syðra 8. og 9. nóv. 2011. Fundað var með eftirtöldum:
 - i. Fulltrúum menningarmálarn. o.fl. v/ menningarsamninga. (BHG og SO).
 - ii. Fulltrúa Vegagerðarinnar v/ almenningssamgangna (VOH og BHG)
 - iii. Smára Ólafssyni hjá VSÓ v/ almenningssamgangna.
 - iv. Fjármálaráðherra o.fl. þingm. NA-kjörd. v/ ýmissa mála (m.a. AST).
 - v. Forstjóra Nýsköpunarmiðst. Ísl. (kynning á AST verefniinu).
 - vi. Fulltrúum ráðuneyta v/ AST verkefnisins. (VOH, SGK og BHG).
- b) Ekki var tekin ákvörðun um hvort fleiri stjórnarfundir verði á þessu ári, en ákveðið að reikna með að svo geti orðið – þó eigi síðar en um miðjan des.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 14:50.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.